

**FUNDARGERÐ**  
**AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.**

Hótel Borgarnes, 26. maí 2000 kl. 14.00.

Pétur Ottesen, formaður stjórnar, setti fundinn og gerði tillögu um Stefán Jónsson fundarstjóra og Hrefnu B. Jónsdóttur fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
7. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Í upphafi bar fundarstjóri upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefnd voru:

Björg Ágústsdóttir

Guðbrandur Brynjúlfsson

Gísli Gíslason

### **Skýrsla stjórnar.**

Pétur Ottesen flutti skýrslu stjórnar.

Hann fór yfir starf liðins árs og bar þar hæst opnun sorpurðunarstaðarins Fíflholta 3. desember sl.. Hann sagði m.a. að þetta verkefni væri kennslubókardæmi um hvernig samvinna sveitarfélaganna í kjördæminu geti skilað sér hvað best.

Hann sagði að í upphafi hefði aðeins verið einn gjaldflokkur en nú væru þeir orðnir tveir þar ástæða hefði þótt til að lágmarka sláturúrgang en hann hefði orðið töluverður. Sá búnaður sem lagt var af stað með í upphafi sagði formaður hafa reynst nokkuð vel og starfsemin væri því komin í öruggan og góðan farveg. Að lokum þakkaði Pétur fráfarandi framkvæmdastjóra, Guðjóni Ingva Stefánssyni, fyrir að annast alla umsýslu fyrirtækisins og sagði þann langa og erilsama feril sem tók að koma fyrirtækinu í starfsemi seint fullþakkaðan. Tilkynnti Pétur einnig að við prókúru Sorpurðunar Vesturlands hf. tæki nú Hrefna B Jónsdóttir.

### **Ársreikningar félagsins.**

Guðjón Ingvi Stefánsson skýrði ársreikninga félagsins.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Lagt var til að greiðsla fyrir fundarsetu yrði 5000 kr. pr. fund og 10.000 kr. fyrir formann. Greiðslur yrðu fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

Tillagan var samþykkt.

### **Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.**

Á síðasta ári var tapið sett til lækkunar eigin fjár. Í ársreikningi kemur fram að stjórn

félagsins gerir ekki tillögu um arðgreiðslu til hluthafa á árinu 2000. Samþykktu fundarmenn það.

### **Kosning stjórnar**

Björg Ágústsdóttir flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Pétur Ottesen

Einar Mathiesen

Kristinn Jónasson

Sigríður Gróa Kristjánsdóttir

Ríkharð Brynjólfsson

Guðbrandur Brynjólfsson

Guðni E Hallgrímsson

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi.

### **6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.**

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sæi áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins áfram Davíð Pétursson

Samþykkt samhljóða.

### **7. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.**

Pétur Ottesen kynnti merki félagsins sem að Magnús Ólafsson arkitekt á Akranesi hefur hannað.

Björg Ágústsdóttir þakkaði stjórnarmönnum ánægjulegt samstarf og tók fram að hún gengi nú úr stjórn vegna anna í sínu starfi.

Pétur þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum, Björgu Ágústsdóttur og Stefáni Jónssyni gott samstarf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna, þá Einar Mathiesen og Guðna E Hallgrímsson.

Pétur Ottesen og Björg Ágústsdóttir afhentu Guðjóni Ingva þakklætisvott frá félaginu. Þau þökkuðu Guðjóni gott samstarf og afhentu honum tölvu og prentara að gjöf.

Stefán Jónsson, fundarstjóri, sagði dagskrá lokið og notaði tækifærið til að þakka fyrir sig og þakka gott samstarf en hann er nú að kveðja þennan vettvang.

Fundi slitið

Fundarritari

Hrefna B Jónsdóttir